

Enska	3. bekkur
Kennarar: Aldís og Lísá Tímafjöldi: 1	
Menntagildi námsgreinar: Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaprofka einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu. Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum. Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið.	

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Hlustun	Nemandi getur: skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum,	Umræður
Lesskilningur	fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,	- Verkefnablöð - Hlustunaræfingar og söngvar
Samskipti	- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst, - skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu, - tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar,	- Verkefnablöð - Leikir og umræður - Hlustunaræfingar og söngvar
Frásögn	- sagt frá eða lýst sjálfum sér eða vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt, - endursagt og lýst atburðum eða reynslu með einföldum hætti, með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.,	- Verkefnablöð - Samtalsæfingar - Leikir - Söngvar
Ritun	- skrifað málsgreinar með orðaforða úr þeim efnisflokkum sem unnið hefur verið með, - getur lýst í einföldu máli því sem stendur nemanda næst svo sem fjölskyldu, vinum og áhugamálum,	- Verkefnablöð - Stuttar ritunaræfingar
Námshæfni	- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki, - tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu, - tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.	- Verkefnablöð - Hlustunaræfingar - Leikir og söngvar - Samvinna

Námsmat:

Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. Leiðsagnarmatið er rætt í einstaklingsviðtölum við foreldra og börn. Hæfniviðmið eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið.

Kennslugögn:

Adventure Island of English Words, verkefnablöð sem fylgja námsefni, hlustunaræfingar og söngvar.